

Norðurþing  
Ketilsbraut 9  
640 Húsavík

Selfoss, 8.11.2023  
UST202301-247/H.M.V.  
08.14.02

## **Efni: Reglubundið eftirlit þann 7. september 2023 - Norðurþing, Kópasker**

Þann 7. september sl. fór fram eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Kópaskeri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir úrbótaáætlun sem samþykkt var fyrr á þessu ári varðandi frávik úr eftirliti ársins 2022. Sneri frávikinu að gr. 5.4. í starfsleyfi, að ekki var skráningum ársins 2021 skilað. Stefndi rekstraraðili á að ráða til starfa starfsmann sem halda ætti utan um starfsleyfisskyldur urðunarstaðarins, þ.m.t. skráningum. Frávik í eftirliti nú snúa að sömu frávikum og þá og hefur því úrbótaáætlunin ekki gengið eftir.

### **Þrjú frávik komu fram er varða:**

1. Gr. 5.1 í starfsleyfi. Ekki eru til staðar skráningar á innra eftirliti og umhverfisvöktun, né skráningar á úrgangsmagni sem urðað var á urðunarstað Kópaskers sbr. gr. 4.1 í starfsleyfi.
2. Gr. 5.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal vakta grunnvatn og yfirborðsvatn eftir mælingaáætlun samkvæmt starfsleyfi. Engar niðurstöður á mælingum liggja fyrir.
3. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Senda skal eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1 maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 19 gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

**Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 23. nóvember 2023.**

## Virðingarfyllst

Halla Margrét Viðarsdóttir  
sérfræðingur

Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur